

Erasmus + verkefnið European cultural heritage, meeting to build our future

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu **European cultural heritage, meeting to build our future** sem hófst síðastliðið haust og mun standa í tvö ár.

Þátttakendur eru frá fjórum löndum, Spáni, Þýskalandi, Grikklandi og Íslandi. Verkefnið er styrkt af Erasmus+.

Verkefnið felur í sér að kynnst menningararfi þessara fjögurra landa, skoða hvað er ólíkt og hvað sameinar okkur og með því brjóta staðalímyndir. Lögð er áhersla á að skoða nærumhverfi skólanna og menninguna í nánasta umhverfi nemendanna.

Við munum kynnst menningararfi þáttökulandanna í gegnum verkefna- og þemavinnu. Verkefnið heldur úti tveimur heimasíðum og einum instagram reikning þar sem myndum og fréttum verður safnað saman. Önnur síðan er upplýsingasíða fyrir kennara og nemendur um löndin og þemaverkefnið og kallast European cultural heritage virtual museum og má nálgast [hér](#). Hin síðan er mynda- og fréttasíða, þar sem þáttökulöndin deila frjálst inná og kallast Erasmus+ treasure chest, hana er hægt að nálgast [hér](#). Instagramreikninginn finnið þið undir nafninu **erasmus_treasure_chest**.

Verkefninu er skipt upp í fjóra hluta og eru umfjöllunarefnið Spánn, Þýskaland, Grikkland og loks Ísland. Fyrir hverja nemendaferð verða unnin verkefni sem hafa það að markmiði að dýpka upplifun nemenda þegar erlendis er komið.

Ferðaskipulag

	Kennaraferð til Spánar 15.-18. október 2018	kennarar	✓
	Nemendaferð til Spánar 23.-30. maí	10 nemendur	
	Kennaraferð til Þýskalands 2.-5. apríl 2019	kennarar	
	Nemendaferð til Þýskalands 20-24.maí 2019	6 nemendur	
	Kennaraferð til Grikklands 3.-7. júní 2019	kennarar	
	Nemendaferð til Grikklands 4.-8.nóvember 2019	5 nemendur	
	Kennaraferð til Íslands 24.-28. febrúar 2020	Koma til okkar	
	Nemendaferð til Íslands 25.-28.maí 2020	Koma til okkar	

*Tímasetningar gætu breyst lítillega

Þáttökuskólarnir



CRA RÍO ARAGÓN
Centro Rural Agrupado



1st PRIMARY SCHOOL
OF CHANIA

